

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Efni:

***Samstarfssamningar menningar- og
ferðamálasviðs***

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 27. mars sl. voru lagðir fram til staðfestingar eftirfarandi undirritaðir samningar: Samstarfssamningar til þriggja ára við eftirtalda aðila: Bókmenntahátíð í Reykjavík dags. 25. janúar 2017, Kammermúsíkkлубbinn dags. 24. febrúar 2017, Kirkjulistahátíð í Reykjavík dags. 24. febrúar 2017, List án landamæra dags. 25. janúar 2017, Mengi dags. 22. mars 2017, Mozarthópurinn dags. 19. janúar 2017, Reykjavík Midsummer Music dags. 23. mars 2017 og Sónar Reykjavík 21. febrúar 2017. Samstarfssamningar til tveggja ára við eftirtalda aðila: ASSITEJ á Íslandi dags. 23. mars 2017, Harbingar 29. janúar 2017, Múllann jazzklúbb dags. 6. febrúar 2017 og Sequences myndlistarhátíð dags. 20. mars 2017
Samningunum er vísað til borgarráðs til staðfestingar.

f.h. menningar- og ferðamálaráðs

Auður Halldórsdóttir

verkefnastjóri
skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Samstarfssamningar: Bókmenntahátíð í Reykjavík dags. 25. janúar 2017, Kammermúsíkkлубburinn dags. 24. febrúar 2017, Kirkjulistahátíð í Reykjavík dags. 24. febrúar 2017, List án landamæra dags. 25. janúar 2017, Mengi dags. 22. mars 2017, Mozarthópurinn dags. 19. janúar 2017, Reykjavík Midsummer Music dags. 23. mars 2017, Sónar Reykjavík 21. febrúar 2017, ASSITEJ á Íslandi dags. 23. mars 2017, Harbingar 29. janúar 2017, Múllinn jazzklúbbur dags. 6. febrúar 2017, Sequences myndlistarhátíð dags. 20. mars 2017.

- 1 ASSITEJ - sviðslistahátíð fyrir unga áhorfendur
- 2 Bókmenntahátíðin í Reykjavík
- 3 Harbinger sýningarými
- 4 Kammermúsíkkлубburinn
- 5 Kirkjulistahátíð
- 6 List án landamæra
- 7 Mengi
- 8 Mozart hópurinn / Laufey Sigurðardóttir
- 9 Múlinn - jazzklúbbur
- 10 Reykjavík Midsummer Music / Víkingur Heiðar Ólafsson
- 11 Sequences-myndlistarhátíð
- 12 Upplifun ehf. / Sónar

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og ASSITEJ á Íslandi, kt. 5104911149 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við ASSITEJ á Íslandi á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2018.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja menningar- og listuppeldi barna í Reykjavíkurborg og tryggja samfellu og framþróun í sviðslistahátíð ætlaðri börnum.

2. gr. Forsaga

ASSITEJ eru alþjóðleg samtök sviðslistafólks sem gerir leikhús fyrir börn og ungt fólk. Nafnið er skammstöfun á franska heiti samtakanna sem er: Association Internationale du Théâtre pour l'Enfance et la Jeunesse. Hlutverk ASSITEJ á Íslandi er að standa vörð um sviðslistir fyrir unga áhorfendur og styðja við listafólk sem starfar á þeim vettvangi. Samtökin beita sér fyrir samstarfi og samskiptum listafólks og leikhúsa innanlands sem utan og stuðla þannig að listrænni þróun. Sviðslistahátíðin UNGI í Reykjavík gegnir þar lykilhlutverki.

Fyrsta sviðslistahátíð ASSITEJ á Íslandi var haldin samhliða Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2013. Hún hefur verið haldin árlega síðan og borið heitið UNGI frá árinu 2015. Ný framtíðarsýn og aðgerðaráætlun hefur nú verið mótuð fyrir hátíðina. Ákveðið hefur verið að gera alþjóðlegu hátíðina að tvíæringi en nýta milliárið til að byggja upp innra starf samtakanna og styðja við fagvettvanginn hérlendis.

Á milliárinu EGGINU 2017 er boðið uppá aðstoð til leikhópa að búa til fræðsluefni tengt sýningum þeirra. Tveimur erlendum listamönnum verður boðið að halda vinnustofur fyrir fagfólk til að stuðla að þróun í listum fyrir unga áhorfendur á Íslandi. Farsælt samstarf hefur verið við Barnamenningarhátíð í Reykjavík og Tjarnarbíó. Eggið 2017 verður röð viðburða fyrir fagfólk til að efla sviðslistir fyrir unga áhorfendur.

UNGI 2018 er svo alþjóðleg sviðslistahátíð Assitej fyrir unga áhorfendur. Fjórum íslenskum og tveimur til þremur erlendum sviðslistahópum er boðið á hátíðina. Samhliða sviðsverkunum verður boðið upp á listasmiðjur fyrir skólabörn og fjölskyldur í samvinnu við listamenn hátíðarinnar og Listkennsludeild Listaháskóla Íslands. Lögð verður áhersla á gott aðgengi að öllum viðburðum hátíðarinnar fyrir fatlaða og einnig að viðburðir höfði til barna af erlendum uppruna. Jafnframt verður leikhúsból fyrir alla fjölskylduna með lifandi tónlist og stefnumót fyrir listafólk hátíðarinnar og erlenda framleiðendur og gesti. Ókeypis er inn á alla viðburði á hátíðinni.

3. gr. Markmið UNGA OG EGGINS

- að standa vörð um sviðslistir fyrir unga áhorfendur og styðja við listafólk sem starfar á þeim vettvangi

AP
AW

- að beita sér fyrir samstarfi og samskiptum listafólks og leikhúsa innanlands sem utan og stuðla þannig að listrænni þróun
- að bjóða upp á fleiri og fjölbreyttari viðburði bæði fyrir unga áhorfendur og fagfólk í sviðslistum á næstu tveimur árum
- að bjóða upp á ókeypis sýningar í hæsta gæðaflokki fyrir fjölskyldur en auk þess að stórefla stuðning við fagfólk sem vill gera sviðslistir fyrir unga áhorfendur
- að auka framboð á vönduðu fræðsluefni tengdu sviðslistasýningum fyrir unga áhorfendur
- að renna stoðum undir fagvettvang sjúkrahústrúða á Íslandi, með því að fá til landsins þekktan sérfræðing á því sviði til að hægt verði að byggja upp vettvang fyrir sjúkrahústrúða á Íslandi sem gegna mikilvægu hlutverki ekki bara á sjúkrahúsum heldur einnig á elliheimilum, í starfi með innflytjendum ofl.
- að búa til vettvang fyrir listafólk þar sem það getur prófað sig áfram með sviðslistir fyrir unga áhorfendur.

Sviðslistir fyrir yngri áhorfendur hafa átt undir högg að sækja héraendis. Framboð sýninga hefur verið sveiflukennt og oft mjög takmarkað. Þá hefur skort fjölbreytileika. Börn sitja þannig ekki við sama borð og fullorðnir hvað varðar gott úrval sviðslistaviðburða og þurfa að sætta sig við nokkuð einsleitt framboð. Félagsleg staða barna hefur of mikil áhrif á aðgengi þeirra að menningarviðburðum almennt. Á það ekki síst við um leikhús sem er dýrt og einnig er tungumálið í sumum tilfellum hindrun. Sviðslistahátíð ASSITEJ hefur það að markmiði að auka þessa breidd bæði með því að hvetja íslenskt sviðslistafólk til dáða og með því að flytja inn eftirtektarverðar sýningar erlendis frá.

ASSITEJ eru í eðli sínu mannúðar- og sjálfbóðaliðasamtök þar sem mikil áhersla er lögð á jafnrétti á öllum sviðum. Þetta endurspeglast bæði í verkefnavali og áherslum til dæmis varðandi miðlun viðburða út í skólana. Sviðslistahátíð ASSITEJ fellur afar vel að markmiðum 3. kafla mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og með aukinni áherslu á viðburði fyrir og með fötluðum börnum, mun hún falla enn betur að 4. kafla mannréttindastefnunnar en áður.

4. gr. Framlag Assitej á Íslandi

ASSITEJ á Íslandi skipuleggur Eggið 2017 - röð viðburða fyrir fagfólk til að efla sviðslistir fyrir unga áhorfendur og UNGA 2018 - alþjóðlega sviðslistahátíð Assitej fyrir unga áhorfendur. Framkvæmd skal taka mið af markmiðum í 1., 2. og 3. grein samnings.

5. gr. Kynningarmál

ASSITEJ á Íslandi ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar UNGA. Á öllu kynningarefni UNGA jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að hátíðin sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir hátíðin merki Reykjavíkurborgar í því skyni. Samstarf verði við Höfuðborgarstofu um kynningu á Reykjavík þegar það á við til að kynna sem best Reykjavík sem áfangastað. Viðburðinn má setja á viðburðadagatal Reykjavíkurborgar <http://reykjavik.is/vidburdir> og <http://visitreykjavik.is/events>.

UNGI ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og að kynna Reykjavíkurborg sem áhugaverðan áfangastað. Á öllu kynningarefni UNGA jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt

að UNGI sé styrktur af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni UNGA með því að hafa auðkennismerki Reykjavíkurborgar sýnilegt.

UNGI skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa skal náið samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal auðkennismerkið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.

6. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg ASSITEJ á Íslandi til í beinum fjárframlögum kr. 1.500.000 á ári 2017 og 2018. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

kr. 1.000.000 þ. 1.- 3. mars

kr. 500.000 þ. 1.- 3. júní.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0537 – 26 – 342747, kt. 5104911149.

Framlag Reykjavíkurborgar vegna ársins 2018 er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þess árs. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

5. gr. Ábyrgð

ASSITEJ á Íslandi bera ábyrgð ber ábyrgð á UNGA og EGGINU, fagmennsku þeirra og gæðum. ASSITEJ á Íslandi ber ábyrgð á skuldbindingum sem samtökin eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. ASSITEJ á Íslandi er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við ASSITEJ á Íslandi. Samráðsfundur aðila samningsins skulu haldnir í apríl 2018 þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu ASSITEJ á Íslandi að áherslum næstu hátíðar. ASSITEJ á Íslandi skilar þá áætlun um rekstur og efnahag komandi hátíðar og árituðum ársreikningi fyrra árs. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji ASSITEJ á Íslandi hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til ASSITEJ á Íslandi hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilur hún sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 19.12. 2016 með fyrirvara um heimildir í fjárhagsáætlun 2018. Samningurinn gildir til 31. des. 2018. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála


Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 23. mars 2017

F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. ASSITEJ á Íslandi



Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:



Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og sjálfseignarstofnunin Bókmenntahátíð í Reykjavík (BR), kt. 520803 – 3510 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Borgarhátíðasjóðs Reykjavíkurborgar við Bókmenntahátíð í Reykjavík á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2019.

1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Bókmenntahátíð í Reykjavík er að:

- vekja athygli á og kynna íslenskar bókmenntir hér á landi og erlendis
- efla Reykjavík sem eina af Bókmenntaborgum UNESCO
- kynna íslenskum lesendum helstu strauma og stefnur í alþjóðlegum og innlendum bókmenntaheimi
- gera Bókmenntahátíð í Reykjavík kleift að bjóða innlendum og erlendum rithöfundum, útgefendum og fræðimönnum til bókmenntahátíðar og skipuleggja með þeim upplestra, fyrirlestra, viðtöl, málþing og kynningar
- tryggja samfellu og framþróun í tvíærri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar.

Markmið Bókmenntahátíðar í Reykjavík er að kynna íslenskum lesendum það sem hæst ber í bókmenntaheiminum hverju sinni, skapa samræðu á milli íslenskra og erlendra rithöfunda og kynna íslenska rithöfunda fyrir erlendum bókaútgefendum. Í kjölfar aukins ferðamannastraums til borgarinnar hefur það líka orðið markmið hjá hátíðinni að búa til áhugaverða dagskrá fyrir erlenda ferðamenn að sækja á meðan þeir dvelja hér og styrkja þar með ímynd Reykjavíkur sem áfangastaðar fyrir menningartengda ferðamennsku. Hátíðin vill líka snerta á helstu málum samtímans og búa til samræðu um þau hér á landi með þátttöku virtra erlendra rithöfunda og fræðimanna á ýmsum sviðum.

2. gr. Forsaga

Bókmenntahátíð í Reykjavík hefur verið haldin að jafnaði annað hvert ár síðan árið 1985. Hátíðin þykir einstök og hefur orðið öðrum erlendum hátíðum innblástur auk þess sem hún er afar virt og vinsæl á meðal rithöfunda, blaðamanna og útgefenda. Stemningin á hátíðinni þykir einstök. Fimmtán til átján erlendir höfundar taka þátt ásamt tíu til tólf íslenskum höfundum og tíu til fimmtán erlendum blaðamönnum og útgefendum. Dagskráin felst í umræðum á sviði, fyrirlestrum, upplestrum, málþingum, ritstíðjum, bókmenntagöngum og öðrum minni dagskrárliðum. Aðgangur að hátíðinni er ókeypis auk þess sem öllum dagskrárliðum er streymt á netinu. Dagskrá fer að mestu leyti fram á ensku, en lögð er mikil áhersla á þýðingar til þess að gera dagskrána aðgengilega sem allra flestum. Mikill metnaður er lagður í dagskrárgerðina til þess að höfða til sem breiðasta hóps gesta þessa fjóra daga sem hátíðin stendur og ýmiss konar hliðardagskrá sprettur upp í tengslum við hátíðina.

3. gr. Framlag Bókmenntahátíðar

Bókmenntahátíð í Reykjavík skipuleggur og heldur bókmenntahátíð í september 2017 og 2019 og undirbýr næstu hátíð þess í milli. Framkvæmd hátíðarinnar skal taka mið af markmiðum í 1. grein sammings.

Menningar- og ferðamálasvið
Reykjavíkurborgar
25 JAN. 2017
Málsnr.: RMF 16110009
Skjalaflokkur: 3.1.3

4. gr. Kynningarmál

Bókmenntahátíð í Reykjavík ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og að kynna Reykjavíkurborg sem áhugaverðan áfangastað. Á öllu kynningarefni Bókmenntahátíðar í Reykjavík jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Bókmenntahátíð í Reykjavík sé styrkt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Bókmenntahátíðar með því að hafa lógó Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO og/eða Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Bókmenntahátíð í Reykjavík skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa skal náð samstarf við Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og/eða Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal lógóið Reykjavík UNESCO City of Literature og/eða Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.

5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Bókmenntahátíð í Reykjavík til í beinum fjárframlögum kr. 4.000.000.- á ári 2017, 2018 og 2019 og greiðist upphæðin þannig í fjórum greiðslum ár hvert:

Kr. 1.000.000 þ. 15. mars,

kr. 1.000.000 þ. 15. júní ,

kr. 1.500.000 þ. 1.-3. september

kr. 500.000 þ.15. nóvember.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 513 – 14 – 603117 kt. 520803 – 3510.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2018 og 2019 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

6. gr. Ábyrgð

Bókmenntahátíð í Reykjavík ber ábyrgð á Bókmenntahátíð og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Bókmenntahátíð í Reykjavík ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Bókmenntahátíð í Reykjavík er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Bókmenntahátíð í Reykjavík auk samstarfs við Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og Höfuðborgarstofu um kynningarmál. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í júní/júlí ár hvert 2017, 2018 og 2019 þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu Bókmenntahátíðar í Reykjavík að

áherslum Bókmenntahátíðar fyrir komandi starfsár. Bókmenntahátíð skilar þá samningsaðilum áætlun um rekstur og efnahag komandi hátíðar og árituðum ársreikningi fyrra árs. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Bókmenntahátíð hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Bókmenntahátíð hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 19.12. 2016 með fyrirvara um heimildir í fjárhagsáætlun 2018 og 2019. Samningurinn gildir til 31. des. 2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki..

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 25.1. 2017

F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Bókmenntahátíðar í Reykjavík



Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

Lára Þóralsteinsd. kt. 250674-4499
Katrín Vítandóttir kt. 151160-4419

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Harbinger / Easyweb Ísland ehf, kt. 501201-2780, Freyjugötu 18, 101 Rvk gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Harbinger
á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2018.

1. gr. Markmið

Meginmarkmið Reykjavíkurborgar með samningi þessum er að styðja við myndlistarlíf í Reykjavíkurborg og efla vitund almennings um íslenska samtímalist með því að styðja við rekstur á Harbinger sýningarrými og starfsemi á þess vegum.

Markmiðin með starfsemi Harbinger, líkt og annarra listamannarekinna rýma, eru að viðhalda fjölbreytni í sýningaflóru borgarinnar og að veita ákveðið mótvægi við listastofnanir þar sem stjórnendur geta verið fjarlægir listamönnum í starfi og nálgun. Framtíð listamanna og starfsgrundvöllur eru undirorpin fáum aðilum og reynsla þeirra og afstaða til myndlistar getur verið um margt ólík því sem myndlistarmenn þekkja. Aðstandendur Harbinger telja afar mikilvægt að myndlist fái einnig að dafna á sjálfsprottinn og óstofnanavæddan máta, og að sýningar á myndlist séu einnig skipulagðar af fólki sem starfar við framkvæmd hennar.

En markmið Harbinger eru einnig, og engu síður, að vinna gegn lagskiptingu myndlistarsamfélagsins. Frá upphafi hefur Harbinger einsett sér að bjóða ólíkum listamönnum til sýningahalds, ungum jafnt sem öldnum, til þess að leggja áherslu á það sem sameinar og undirstrika það að öll erum við samstarfsmenn og samtímamenn, þvert á kynslóðir.

Harbinger sýnir eingöngu samtímalist, og leggur upp með að velja sýningar sem eiga erindi við samfélagið. Harbinger leggur mikla áherslu á faglega framkvæmd sýninga og vandar allan frágang og uppsetningu. Harbinger vandar einnig til gerðar kynningarefnis og alls texta, og fær gjarnan fagaðila til samstarfs við textagerð. Markmiðin eru að halda þessu metnaðarfulla starfi áfram, en einnig að betrubæta og þróa það áfram. Til dæmis með því að bjóða nýjum aðilum að sýningarstýra rýminu, en þannig veitir Harbinger nýjum sjónarmiðum og hugmyndum brautargengi.

2. gr. Forsaga

Harbinger hóf starfsemi sína sumarið 2014 og hefur á undanförunum tveimur árum staðið fyrir 24 sýningum og viðburðum. Starfsemi Harbinger verður afar fjölbreytt á nýju ári. Sýningarstjórar rýmisins árið 2017, Una Margrét Árnadóttir og Unndór Egill Jónsson, hafa skipulagt tvær sýningaraðir sem munu fléttast saman yfir árið. Á vegum sýningaraðanna munu 12 listamenn sýna verk sín. Að auki verður í nóvember 2017 opnað bókarými í bakherbergi Harbinger sem mun kynna og selja bókverk eftir íslenska og erlenda listamenn, ljósmyndara og hönnuði. Þá hefur gang sinn í bókarýminu sýningaröðin Shelfie, þar sem áhugaverðir listamenn og rithöfundar verða fengnir til þess að kynna þær bækur úr eigin safni sem hafa verið hvað þýðingarmestar fyrir þá í gegnum árin.

3. gr. Framlag Harbinger

Harbinger skipuleggur og rekur Harbinger sýningarými árin 2017 og 2018 með myndlistarsýningum, viðburðum, gjörningum og öðru sem tekur mið af 1. og 2. grein sammings.

S.M.ö
JP

4. gr. Kynningarmál

Harbinger ber ábyrgð á markaðssetningu sýningarrýmisins. Á öllu kynningarefni Harbinger jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Harbinger sé styrkt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Harbinger með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Harbinger skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar sýningarrýmið er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal lógóið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.

5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Harbinger til í beinum fjárframlögum 1 m.kr. árlega og greiðist upphæðin þ. 1.-3. mars 2017 og 2018.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0101-26-022770.

Framlag Reykjavíkurborgar vegna ársins 2018 er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þess árs. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

6. gr. Ábyrgð

Harbinger ber ábyrgð á starfsemi sýningarrýmisins, fagmennsku þess og gæðum. Harbinger ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á vegum félagsins stofna til í tengslum við þennan samning. Harbinger er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Harbinger. Samráðsfundur aðila samningsins skal haldinn í september 2017 og 2018, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu Harbinger að áherslum þess fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningamála boðar til fundanna. Harbinger skilar þá áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og endurskoðað uppgjör eða árituðum ársreikningi fyrra árs.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Harbinger hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Harbinger hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs dags. 19.12.2016. Samningurinn gildir til 31. desember 2018.

SMÖ
AP

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.


10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


Reykjavík, ^{29/} / 2017

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Harbinger / Easyweb Ísland ehf



Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:



221174-5269



200969-5379

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur og Kammermúsíkkúbburinn kt. 6903770209 gera með sér eftirfarandi:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Kammermúsíkkúbbinn á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2019.

1. gr. Markmið

Meginmarkmið Reykjavíkurborgar með samningi þessum er að styðja við tónlistarlíf í Reykjavíkurborg og tryggja samfellu og framþróun í árlegri kammertónleikaröð í hæsta gæðaflokki. Markmið Kammermúsíkkúbbinsins er að flytja fjölbreytta og vandaða kammertónlist með bestu flytjendum og við bestu aðstæður sem völ er á hverju sinni.

2. gr. Forsaga

Kammermúsíkkúbburinn hefur starfað óslitið frá árinu 1957. Kúbburinn hefur staðið fyrir flutningi á kammertónlist sem sjaldan eða aldrei heyrís á öðrum vettvangi hér á landi. Starfsár kúbbinsins miðast við vetrartímam, frá sept til febrúar/mars. Kúbburinn nýtur styrkja en aðallega byggir hann tilveru sína á traustum hópi félaga, sem greiða árgjald í upphafi starfsársins. Kúbburinn heldur nú tónleika sína í Hörpu við aðstæður sem vart verða betri. Á fyrstu tónleikunum vetrarins 2016-2017 flytur Camerartica verk eftir tvo meistara baroktímabils tónlistarsögunnar og einn af strengjakvartettum Mendelssohns. Ari Þór Vilhjálmsson fiðluleikari hefur umsjón með öðrum tónleikum kúbbinsins og flytur ásamt félögum sínum píanótrío eftir Smetana auk hins vinsæla tríós Tchaikovskys. Strengjakvartettar eftir Beethoven og Brahms eru á þriðju tónleikunum í flutningi Sigrúnar Eðvaldsdóttur og félaga en Sigrún hefur verið reglulegur flytjandi á tónleikum kúbbinsins í meira en aldarfjórðung. Fjórðu tónleikarnir eru í umsjón Þóris Jóhannssonar kontrabassaleikara. Fluttur verður píanókvintett nr. 2 eftir Louise Farrenc og píanósextett eftir Mendelssohn. Kammermúsíkkúbburinn fagnar 60 ára afmælinu með því að Ásdís Valdimarsdóttir víóluleikari flytur með Auryn kvartettinum frá Þýskalandi alla strengjakvintetta Mozarts á tvennum tónleikum.

3. gr. Framlag Kammermúsíkkúbbinsins

Kammermúsíkkúbburinn skipuleggur og stendur fyrir amk 5 tónleikum árlega 2017, 2018 og 2019. Framkvæmd tónleikanna skal taka mið af 1. og 2. gr. samnings.

4. gr. Kynningarmál

Kammermúsíkkúbburinn ber ábyrgð á markaðssetningu tónleikanna. Reykjavíkurborgar skal getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni tónleikanna með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt. Kammermúsíkkúbburinn skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar tónleikarnir eru kynntir í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt. Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja tónleika sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal lógóið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar
24 FEB. 2017
Málsnr.: RMF 16110009
Skjalaflokkur: 3.1.3

AP
AAI-

5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Kammermúsíkkúbbnum til í beinum fjárframlögum kr. 500.000.- á ári 2017, 2018 og 2019. Greiðsla framlags fer fram þ. 1.- 3. mars ár hvert. Framlagið greiðist inn á bankareikning 0135-26-000690.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2018 og 2019 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu.

6. gr. Ábyrgð

Kammermúsíkkúbburinn ber ábyrgð á tónleikum og að þeir fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Kammermúsíkkúbburinn ber ábyrgð á skuldbindingum sem hann eða aðilar á hans vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Kammermúsíkkúbbnum er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Kammermúsíkkúbbinn. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í nóvember 2017, nóvember 2018 og í september 2019. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Kammermúsíkkúbburinn skilar þá þá skýrslu um síðasta starfsár, áætlun um rekstur og efnahag komandi starfsárs og árituðum ársreikningi fyrra árs.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Kammermúsíkkúbburinn hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Kammermúsíkkúbburinn hefur sýnt fram á að hann muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 19.12. 2016 með fyrirvara um heimildir í fjárhagsáætlun 2018 og 2019. Samningurinn gildir til 31. des. 2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 24.2.2017

F.h. Reykjavíkurborgar



Vottar að réttu dagsetningu og undirskrift:

F.h. Kammermúsíkkúbbins



Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Kirkjulistahátíð í Reykjavík, kt. 611094-2219, Hallgrímskirkju, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Kirkjulistahátíð í Reykjavík á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2019.

1. gr. Markmið

Meginmarkmið Reykjavíkurborgar með samningi þessum er að styðja við listalíf í Reykjavíkurborg og tryggja samfellu og framþróun í hátíð sem er hluti af hinu blómlega listastarfi Hallgrímskirkju er laðar að sér fjölda innlendra og erlendra gesta. Markmið Kirkjulistahátíðar er að sinna kraftmikilli listsköpun og metnaðarfullri dagskrágerð í hæsta gæðaflokki og halda áfram að byggja ofan á þann mikla árangur og viðurkenningu sem Kirkjulistahátíð hefur öðlast á 30 ára ferli sínum.

2. gr. Forsaga

Kirkjulistahátíð hefur frá stofnun 1987 verið með það að leiðarljósi að efla nýsköpun í öllum listgreinum og gefa listneytendum í Reykjavík tækifæri á að njóta kirkjulista í hæstu gæðum í Hallgrímskirkju með íslenskum og erlendum listamönnum í fremstu röð. Kirkjulistahátíð hefur verið leiðandi í flutningi stórverka tónbókmenntanna og hefur fengið til liðs við sig fjölda erlendra stórstjarna úr listaheiminum, sem hafa gefið íslenskum listamönnum mikla hvatningu og sett íslenskt menningarsamfélag í alþjóðlegt samhengi. Kirkjulistahátíð hefur mætt þörf óteljandi innlendra og erlendra gesta fyrir magnaðri listupplifun í þjóðarhelgidómi Íslendinga. Sú þörf vex ár frá ári jafnframt kröfum um gæði. Reynslan og vaxandi aðsókn sýna að starfsemin mætir þessum þörfum. Kirkjulistahátíð hefur að jafnaði verið haldin í Reykjavík annað hvort ár frá víslu Hallgrímskirkju 1987. Á áætlun var að halda næstu hátíð 2017, en vegna ófyrirséðra orsaka mun hún færast yfir á árið 2018. Stefnt er að því að dagskrá næstu Kirkjulistahátíðar verði svipuð að umfangi og síðustu hátíðir, spanni 10 daga, með 5 tónleikum, tveimur hátíðarmessum, málþingi, myndlistarsýningu og kvikmyndasýningu. Einnig er stefnt að dagskrá sem sérstaklega verður sniðin að þörfum barna. Nýsköpun verður í fyrirrúmi. Jafnréttisstefna hátíðarinnar er mjög virk. Báðir kórarnir sem starfa við Hallgrímskirkju hafa á að skipa jafnvægi milli karla og kvenna og allir listamenn sem koma fram á Kirkjulistahátíð eru af báðum kynjum. Kirkjulistahátíð nær til mjög breiðs hóps fólks af báðum kynjum og á öllum aldri. Með fjölbreytileika sínum fellur hátíðin að mannréttindastefnu borgarinnar, þar sem m.a. allir aldurhópar og bæði sam- og gagnkynhneigðir og fólk af mörgum þjóðernum kemur fram á vegum Kirkjulistahátíðar og allir eru velkomnir á viðburði hátíðarinnar.

3. gr. Framlag Kirkjulistahátíðar

Kirkjulistahátíð í Reykjavík skipuleggur og heldur Kirkjulistahátíð árið 2018 og undirbýr næstu hátíð 2019. Framkvæmd hátíðarinnar skal taka mið af 1. og 2. gr. samnings.

4. gr. Kynningarmál

Kirkjulistahátíð ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar. Á öllu kynningarefni Kirkjulistahátíðar jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Kirkjulistahátíð sé styrkt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Kirkjulistahátíðar með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar
24 FEB. 2017
Málsnr.: RMF: 16110009
Skjalaflokkur: 3.1.3

AJA 1

Kirkjulistahátíð skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal lógóið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.

5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Kirkjulistahátíð í Reykjavík til í beinum fjárframlögum kr. 1.500.000.- á ári 2017, 2018 og 2019 og greiðist upphæðin í tveimur greiðslum ár hvert, þ.e. kr. 1.000.000 þ. 1.-3. mars og kr. 500.000 þ. 1.-3 júní.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0137- 26 – 006110.

Framlag Reykjavíkurborgar vegna árána 2018 og 2019 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þess árs. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

6. gr. Ábyrgð

Kirkjulistahátíð í Reykjavík ber ábyrgð á að hátíðin fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Kirkjulistahátíð ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Kirkjulistahátíð er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Kirkjulistahátíð auk samstarfs við Höfuðborgarstofu um kynningarmál. Samráðsfundur aðila samningsins skal haldinn í maí/júní 2018 og 2019 þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu Kirkjulistahátíðar að áherslum fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Kirkjulistahátíð skilar þá skýrslu um síðustu hátíð, áætlun um rekstur og efnahag komandi hátíðar og árituðum ársreikningi fyrra árs. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Kirkjulistahátíð hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Kirkjulistahátíð hefur sýnt fram á að hátíðin muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs dags. 19.12.2016. Samningurinn gildir til 31. desember 2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála


Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 24.2 2017

F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Kirkjulistahátíðar í Reykjavík



Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:



Menningar- og ferðamálasvið f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur og List án landamæra co. Hitt húsið kt. 490695-2229 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSAMNING

Samningur þessi fjallar um um fjárstuðning Borgarhátíðasjóðs Reykjavíkurborgar við List án landamæra vegna Listar án landamæra á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2019.

1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við List án landamæra er :

- að styðja við árlega listahátíð sem er með áherslu á fjölbreytileika mannlífsins og þátttöku fatlaðra í menningarlífinu
- að brúa bilið á milli samfélagshópa
- að menningarlífið í borginni sé aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni víðsýni, samkennd og virðingu til samræmis við menningarstefnu Reykjavíkurborgar
- að menningarlífið í borginni hvetji til almennrar þátttöku og stuðli að betra mannlífi til samræmis við menningarstefnu Reykjavíkurborgar
- að stuðla að jöfnum rétti listamanna með fötlun til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína til samræmis við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Markmið Listar án landamæra er:

- að auka tækifæri fatlaðs listafólks til þátttöku í menningarlífinu allt árið um land allt óháð hvers kyns viðburð eða hátíð um ræðir.
- Að kynna og stuðla að fjölbreyttri list með þátttöku í öllum helstu hátíðum og menningarviðburðum á Íslandi og auka þannig á sýnileika list fatlaðs fólks. Þannig verður listsköpun þeirra ekki aðeins hluti af einni ákveðinni hátíð sem haldin er á vissum tíma heldur hefur hún tækifæri á að renna saman við alla helstu menningartengda viðburði landsins.
- Að hátíðin geti þjónað sem ráðgjafandi aðili fyrir menningarstofnanir og fatlaða listamenn til að koma list sinni á framfæri og til að vinna að aðgengi og fjölbreytni í menningarlífinu.

2. gr. Forsaga

List án landamæra sem varð til á Evrópuári fatlaðra 2003 er listahátíð fjölbreytileikans sem ýtir undir og vekur athygli á list fólks með fötlun. Hátíðin hefur verið haldin árlega á afmörkuðum tíma en árið 2016 var tilraunaár við að færa hana frá því að vera bundna við fastan tíma að vori og opna þannig fyrir þann möguleika að standa fyrir viðburðum og samstarfi undir merki hátíðarinnar allt árið. Þannig telja aðstandendur að skapist tækifæri á auknu og fjölbreyttara samstarfi milli hátíðarinnar og menningarstofnana, sem oft eru bundnar af þröngum tímaramma í starfseminni. Sem dæmi má nefna samstarf á þessum grundvelli við Listahátíð í Reykjavík, HönnunarMars, RIFF, Airwaves, þátttaka í Menningarnótt, sem og samstarf við allar helstu listastofnanir ríkis og sveitarfélaga. Hingað til hafa þessar breytingar haft mjög jákvæð áhrif á hátíðina og listamennina sem hafa tekið þátt. Hátíðin hefur náð að samtvinna starfsemi sína við aðra list- og menningarviðburði sem hefur aukið á fjölbreyttari starfsemi og aukinn sýnileika. Hátíðin hyggst halda áfram með þetta fyrirkomulag og stefnir á að vera enn sýnilegri og fjölbreytilegri.

Hátíðin er árlegur vettvangur og þak yfir viðburði og er síbreytileg og lifandi. Hátíðin er ekki stofnun heldur grasrótarsamtök. Fjölmargir koma að hátíðinni, stofnanir, samtök, félög, listahópar og einstaklingar. Bæði erlendir sem innlendir, karlar jafnt og konur, fatlaðir og ófatlaðir taka þátt í

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar
25 JAN. 2017
Málsnr.: RMF 16110009
Skjalaflokkur: 3.1.3

1



hátíðinni. Sérstaða hátíðarinnar er að gera fötluðum listamönnum kleift að koma list sinni á framfæri og koma á samstarfi á milli listafólks og listhópa. Listafólki sem tekið hefur þátt í hátíðinni hefur verið boðið að sýna á almennum vettvangi innanlands sem utan. Með aukinni þátttöku fatlaðra í listgreinum er hægt að opna á atvinnumöguleika sem aftur skilar sér til auðugra samfélags. Aðgengi að hátíðinni er mjög gott, frítt er á alla viðburði og stuðlar það að enn frekari þátttöku og sýnileika sem hægt og rólega eyðir landamærum milli fatlaðra og ófatlaðra í samfélaginu. Með samstarfsverkefnum á milli fatlaðra og ófatlaðra listamanna næst virkni langt umfram hátíðina sjálfa.

3. gr. Framlag Listar án landamæra

List án landamæra tekur að sér að halda hátíðina List án landamæra árlega 2017, 2018 og 2019. Framkvæmd hátíðarinnar skal taka mið af markmiðum í 1. grein samnings.

4. gr. Kynningarmál

List án landamæra ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar. Reykjavíkurborgar skal getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni hátíðarinnar með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt. List án landamæra skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt. Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal lógóið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.

5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg List án landamæra til í beinum fjárframlögum kr. 1.500.000.- á ári 2017, 2018 og 2019 og greiðist upphæðin í tveimur greiðslum ár hvert, þ.e. kr. 1.000.000 þ. 1.-3. mars og kr. 500.000 þ. 1.-3 júní. á br. 0101-26-054777.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2018 og 2019 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breytttri fjárveitingu.

6. gr. Ábyrgð

List án landamæra ber ábyrgð á hátíðinni og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. List án landamæra ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. List án landamæra er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í september 2017, 2018 og 2019 þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. List án landamæra skilar þá samningsaðilum áætlun um rekstur og efnahag hátíðar ársins og árituðum ársreikningi fyrra árs. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings.

Telji List án landamæra hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal skrifstofustjóra menningarmála tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar heimilt að fella niður greiðslur eða rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti og rifta samningnum.

9. gr. Gildistími


Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 19.12. 2016 með fyrirvara um heimildir í fjárhagsáætlun 2018 og 2019. Samningurinn gildir til 31. des. 2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki..

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 25.1.2017


F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Listar án landamæra

Ragnhildur Mörser Árnúsdóttir

Vottar að rétri dagsetningu og undirskrift:



Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Mengi /
Hlutmengi ehf, kt. 610317-3080 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Mengi
á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2019.

1. gr. Markmið

Meginmarkmið Reykjavíkurborgar með samningi þessum er að styðja við listalíf í Reykjavíkurborg með því að styðja við rekstur á menningarhúsinu Mengi við Óðinsgötu 2 og starfsemi á þess vegum.

2. gr. Markmið Mengis

- Að vera vettvangur fyrir hið óvænta og leitandi, tilraunakennda og framsækna, það sem ýtir við og ögrar, kveikir spurningar og snýr viðteknum hugmyndum á hvolf.
- Að vera heimili og vettvangur fyrir alls konar nýja og forvitnilega list; tónlist, leikhús, dans, myndlist, gjörninga, bókmenntir og kvikmyndir.
- Að vera vettvangur fyrir listamenn án þess að þeir þurfi að leggja út í fjárhagslega áhættu.
- Að halda áfram að setja listina alltaf í fyrsta sæti.
- Að vera vettvangur fyrir hvort tveggja íslenska og erlenda listamenn.
- Að halda úti metnaðarfullri listdagskrá allt árið.
- Að bjóða upp á áhugaverða list í miðbæ Reykjavíkur.
- Að standa fyrir viðburðum sem höfða til ólíkra aldurshópa, s.s. tónlistartilraunasmiðjuna Krakkamengi
- Að eiga í góðu samtali og samstarfi við listahátíðir og liststofnanir borgarinnar.
- Að auka og efla miðlun á netinu, varðveita tónleika með hljóð- og vídeóupptökum og byggja þannig upp gagnagrunn og upplýsingaveitu í kringum þá viðburði sem Mengi gengst fyrir.

3. gr. Forsaga

Mengi, listrými við Óðinsgötu 2, var opnað í desember árið 2013. Staðurinn hefur frá upphafi verið hugsaður sem vettvangur fyrir tilraunakennda og áhugaverða list, sem staður fyrir listamenn til að þróa sig áfram og finna sína rödd. Mengi er rými sem listamenn nýta sér að kostnaðarlausu og fá þeir 65 prósent af innkomu miðasölu. Þannig geta þeir boðið upp á list án þess að leggja út í óþarfa fjárhagslega áhættu. Rúmlega fimm hundruð listviðburðir hafa verið haldnir í Mengi frá opnun staðarins þar sem fram hafa komið hundruð listamanna á öllum aldri, úr öllum áttum og úr öllum listgreinum. Hróður Mengis hefur vaxið jafnt og þétt á þeim þremur árum sem liðin eru frá opnun þess og má fullyrða að Mengi sé orðinn mikilvægur partur af blómlegu menningarlífi Reykjavíkurborgar. Staðurinn er opinn árið um kring, boðið er upp á tilraunakennda list úr öllum

geirum listalífsins hvort sem er tónlist, myndlist, dans, gjörningar, leiklist, bókmenntir eða kvikmyndir. Mengi hefur átt í samstarfi við flestar listahátíðir borgarinnar sem og við Listaháskóla Íslands. Árið 2016 gekkst Mengi fyrir tónlistartilraunasmiðjum fyrir börn ásamt Benedikt Hermanni Hermannssyni, Krakkamengi, sem bætti enn einn rós í hnappagat Mengis. Mengi hlaut Menningarverðlaun DV 2016 í flokknum tónlist fyrir framlag sitt til menningarlífs Reykjavíkurborgar. Listamenn sem komið hafa fram í Mengi eru á öllum aldri, af ótal þjóðernum og skipting á milli kynja er jöfn þegar litið er til þess hóps listamanna sem þar hafa komið fram. Að sjálfsögðu skiptir listrænt erindi mestu máli við val á þeim listamönnum sem fram koma en stjórnendur Mengis eru jafnframt meðvitaðir um að til að starfsemin gefi sem gleggsta mynd af gerjun í listalífi þarf að huga að breytum á borð við aldur, kyn og þjóðerni.

4.gr. Framlag Mengis

Mengi skipuleggur og rekur menningarhúsið Mengi árin 2017, 2018 og 2019 með starfsemi sem tekur mið af 2. og 3. grein samnings.

5. gr. Kynningarmál

Mengi ber ábyrgð á markaðssetningu menningarhússins. Á öllu kynningarefni Mengis jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Mengi sé styrkt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Mengis með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Mengi skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar sýningarrýmið er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal lógóið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.

6. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Mengi til í beinum fjárframlögum kr. 2.000.000.- á ári 2017, 2018 og 2019. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

kr. 1.000.000 þ. 1.- 3. mars

kr. 1.000.000 þ. 1. – 3. júní.

Framlagið greiðist inn á bankareikning 0515-26-610317.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2018 og 2019 eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2018 og 2019. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

7. gr. Ábyrgð

Mengi ber ábyrgð á starfsemi menningarhússins, fagmennsku þess og gæðum. Mengi ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á vegum félagsins stofna til í tengslum við þennan samning. Mengi er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

8. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Mengi auk samstarfs Höfuðborgarstofu um kynningarmál. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í október ár hvert 2017, 2018 og 2019, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Mengi leggur þá fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning og skýrslu vegna fyrra árs ásamt áformum um hvernig starfsemi þessa og næsta árs muni uppfylla markmið samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

9. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Mengi hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Mengi hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

10. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs dags. 19.12.2016. Samningurinn gildir til 31. desember 2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

11. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 22.3. 2017



Reykjavíkurborg

F.h. Menningar- og ferðamálasvið

F.h. Mengi / Hlutmengi ehf

Sigrún Haladóttir
Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

E. Matthías Þorgeirsson

[Signature] 100877 5389

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur og Mozarthópurinn, co. Laufey Sigurðardóttir, kt.100555-7949, Smáragötu 2, 101 Reykjavík, gera með sér eftirfarandi:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Mozarthópinn vegna tónleikahalds á fæðingardegi Mozarts á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2019.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samningi þessum er að gera viðsemjendum sínum kleift að hlúa faglega að minningu tónskáldsins W.A. Mozarts með tónleikahaldi og fræðslu á fæðingardegi hans 27. janúar.

2. gr. Forsaga

Frá árinu 1997 hafa árlega verið haldnir í verið haldnir í Reykjavík tónleikar í heiðursskyni við minningu W.A. Mozarts á fæðingardegi hans. Tónleikar af þessu tagi tíðkast hjá menningarþjóðum víða um heim, og eru ástæður þess augljósar: ótvíræð gæði verkanna, fjöldi þeirra og fjölbreytileiki slíkur að undrum sætir. Umsjónarmaður Mozarttónleikanna hefur verið helsti skipuleggjandi þessara afmælistónleika í Reykjavík frá upphafi og tekið þátt í flutningi. Áhersla hefur verið lögð á að flytja glæsilegt úrval verka meistarans, bæði þekkt verk sem og ýmislegt fágæti sem sjaldan eða aldrei heyrist. Sérfróðir einstaklingar um tónlist Mozarts hafa fjallað um það sem flutt er og aukið þannig ánægju og skilning tónleikagesta. Komið hefur verið á samvinnu við Kjarvalsstaði um afnot af húsnæðinu og flygli endurgjaldslaust.

3. gr. Starfsemi og markmið Mozarthópsins

Markmið Mozarthópsins er að standa fyrir tónleikum í Reykjavík á fæðingardegi Mozarts 27. janúar ár hvert. Efnisskrá tónleikana byggir einvörðungu á tónlist eftir Mozart með áherslu bæði á þekkt verk sem og fágæti sem sjaldan eða aldrei heyrist. Samsetning hópsins og fjöldi tónlistarmanna er breytilegur sem helgast af verkefnum hverju sinni. Mozart hópurinn tekur að sér að halda slíka tónleika árlega 2017, 2018 og 2019.

4. gr. Kynningarmál

Mozarthópurinn ber ábyrgð á markaðssetningu tónleikanna. Reykjavíkurborgar skal getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni tónleikanna með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt. Mozarthópurinn skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar tónleikarnir eru kynntir í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt. Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal lógóið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.

5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Mozart hópnunum til í beinum fjárframlögum kr. 400.000.- á ári 2017, 2018 og 2019. Upphæðin skiptist milli umsjónarmanns og flytjenda á tónleikunum og greiðist beint til hvers fyrir sig að loknum tónleikum í janúar skv. yfirliti frá

umsjónarmann; hópsins. Framlög Reykjavíkurborgar vegna áráanna 2018 og 2019 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu.

6. gr. Ábyrgð

Mozarthópurinn ber ábyrgð á tónleikunum og að þeir fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Mozarthópurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sem hann eða aðilar á hans vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Mozarthópnum er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Mozarthópinn. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í nóvember 2017, nóvember 2018 og í september 2019, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu hópsins að verkefnaáætlun fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Mozarthópurinn skilar þá greinargerð og fjárhagsuppgjöri síðustu Mozartónleika ársins og áætlun um rekstur og starfsemi næsta árs.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Mozart hópurinn hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Mozarthópurinn hefur sýnt fram á að hann muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 19.12. 2016 með fyrirvara um heimildir í fjárhagsáætlun 2018 og 2019. Samningurinn gildir til 31. des. 2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála


Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 19.1.2017


F.h. Reykjavíkurborgar



Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:



F.h. Mozart hópsins



Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Múlinn - jazzklúbbur, kt. 5004973009, Birkihlíð34, 105 Rvk gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Múlan - jazzklúbb á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2018.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samningi þessum er að hlúa að fjölbreytileika í íslensku tónlistarlífi, vekja athygli á og kynna íslenska jazztónlist í Reykjavíkurborg auk þess að tryggja samfellu og framþróun í árvissri tónleikaröð með öllu helsta jazzlistarfólki þjóðarinnar.

2. gr. Forsaga

Jazzklúbburinn Múlinn var stofnaður á haustmánuðum 1996. Stofnendur voru Jazzdeild Félags Íslenskra Hljómlistarmanna (FÍH), Jazzvakning og hinn sálugi jazzklúbbur, Heiti Potturinn. Stjórn var kosinn og klúbbsnum gefið nafnið Múlinn í höfuðið á Jóni Múla Árnasyni sem jafnframt var heiðursfélagi og verndari klúbbsins allt til dauðadags. Fyrstu tónleikar Múlans voru í febrúar 1997. Múlinn hefur síðan verið mikilvægur vettvangur allt árið um kring fyrir metnaðarfullar dagskrár íslenskra tónlistarmanna á rytmíska sviðinu. Áætlað er að klúbburinn hafi staðið fyrir rúmlega 500 tónleikum frá upphafi með öllum helstu jazzleikurum landsins, ásamt erlendum jazzleikurum og hljómsveitum. Settar eru saman tónleikaraðir þrisvar sinnum á ári. Starfsemi klúbbsins hefur farið fram á ýmsum stöðum í borginni, en undanfarin ár í Hörpu og hefur sú staðsetning verið starfsemi lyftistöng. Stjórn Múlans leitast ávallt við að setja saman metnaðarfulla dagskrá og gera hverja tónleika að sérstökum viðburði. Umsóknarferli í tengslum við tónleikahald á Múlanum fer þannig fram að tónlistarmenn senda inn umsókn með tillögu að atriði sem stjórn Múlans síðan velur úr og raðar niður í samfellda dagskrá. Tónlistarmenn fá í sinn hlut 80% af aðgangseyri en 20% renna til reksturs Múlans og hefur það fyrirkomulag verið haft á frá upphafi.

3. gr. Markmið Jazzklúbbsins Múlans

Markmið Jazzklúbbsins Múlans er að setja saman og halda úti heildstæðri og öflugri jazztónleikadagskrá í Reykjavík með öllum helstu jazzleikurum þjóðarinnar ásamt stöku erlendum gestum. Hver tónleikadagskrá vor, sumar og haust er síðan áfangi verkefnisins sem borgarþúum gefst kostur á að njóta. Það er nauðsynlegt að gefa ungum sem eldri tónlistarmönnum sem leggja stund á jazztónlist að bæta, þroska og efla handverk og list sína með því m.a. að hafa tækifæri til að troða upp á Jazzklúbbsnum Múlanum. Tónlistarunnendur í borginni fá einnig að njóta tónlistar í hæsta gæðaflokki sem í besta falli ætti að efla fólk sem manneskjur og þroska tónlistarsmekk þess.

4. gr. Framlag Jazzklúbbsins Múlans

Múlinn skipuleggur og heldur tónleikadagskrá vor, sumar og haust 2017 og 2018. Framkvæmd tónleikanna skal taka mið af 2. og 3. grein samnings.

5. gr. Kynningarmál

Jazzklúbburinn Múlinn ber ábyrgð á markaðssetningu tónleikaraðarinnar. Á öllu kynningarefni Jazzklúbbsins Múlans jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að klúbburinn sé styrkt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Harbinger með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Jazzklúbburinn Múlinn skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar tónleikarnir eru kynntir í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal lógóið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað

07

AP

#reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.

6. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Jazzklúbbum Múlanum til í beinum fjárframlögum 1 m.kr. árlega og greiðist upphæðin þ. 1.-3. febrúar 2017 og 2018.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0515-26- 500497.

Framlag Reykjavíkurborgar vegna ársins 2018 er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þess árs. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

7. gr. Ábyrgð

Jazzklúbburinn Múlinn ber ábyrgð á starfsemi klúbbsins, fagmennsku hans og gæðum. Hann ber ábyrgð á skuldbindingum sem hann eða aðilar á hans vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Jazzklúbbum Múlanum er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

8. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Jazzklúbbum Múlanum. Samráðsfundur aðila samningsins skal haldinn í maí/júní 2017 og 2018, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu Jazzklúbbsins Múlans að áherslum fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Jazzklúbburinn Múlinn skilar þá áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og endurskoðað uppgjör eða árituðum ársreikningi fyrra árs.

9. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Jazzklúbburinn Múlinn hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Jazzklúbburinn Múlinn hefur sýnt fram á að hann muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

10. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs dags. 19.12.2016.

Samningurinn gildir til 31. desember 2018.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

11. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 6/2 2017

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Jazzklúbbsins Múlans

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

Aleiðis Eina Sættis - 200969-5379

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Reykjavík Midsummer Music, kt. 620509-1160 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við tónlistarhátíðina Reykjavík Midsummer Music (RMM) á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2019.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við tónlistarlíf í Reykjavíkurborg og tryggja samfellu og framþróun í alþjóðlegri hátíð.

2. gr. Forsaga

Reykjavík Midsummer Music (RMM) er alþjóðleg tónlistarhátíð í Hörpu, undir listrænni stjórn Víkings Heiðars Ólafssonar sem stofnaði hana árið 2012. Hátíðin hefur verið haldin árlega í kringum sumarsólstöður síðan 2012, en verður að tvíæringi frá hátíðinni 2017, og því haldin á oddatöluárum. RMM laðar til landsins marga þekktustu listamenn klassíska tónlistarheimsins og teflir þeim saman við íslenska listamenn úr fremstu röð. Hátíðin færir áhorfendum einstaka dagskrá þar sem gjarnan er dansað á flekamótum ólíkra tónlistarstefna. Hátíðin hefur ótvíræða sérstöðu í íslensku menningarlífi og hefur vakið athygli út fyrir landsteinana fyrir kraftmikla og frumlega dagskrá. RMM hefur hlotið lof gagnrýnenda og verið valin viðburður ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum auk þess að hljóta sérstök nýsköpunarverðlaun, „Rogastans“. RMM er fyrst íslenskra tónlistarhátíða til að hljóta spilun í Sumartónleikaröð EBU (Evrópusambands útvarpsstöðva). RMM er sjálfstæð hátíð sem rekin er í samvinnu við Hörpu. Ef hátíðin skilar hagnaði rennur hann beint í dagskrárgerð næstu hátíða.

3. gr. Markmið Reykjavík Midsummer Music

Markmið RMM eru m.a.

- að standa fyrir frjórri og glæsilegri dagskrá sem laðar að fólk á öllum aldri úr ólíkum hlustendahópum
- að bjóða til landsins þekktum alþjóðlegum einleikurum og leiða þá saman við einvalið innlendra listamanna
- að öll miðlun hátíðarinnar (grafísk hönnun, textar, samfélagsmiðlar, auglýsingar) endurspegli listræna stefnu hvers árs með afgerandi hætti
- að stilla miðaverði í hóf til til að stuðla að því að hátíðin sé aðgengileg sem breiðustum hópi fólks, óháð efnahag.
- að auðga íslenskt mannlíf með tónleikum og listviðburðum sem lifa í minni fólks lengi eftir að þeir eiga sér stað.

Reykjavík Midsummer Music hefur frá upphafi lagt áherslu á jafnræði í kynjahlutföllum flytjenda. Það hefur endurspeglast í dagskrá hátíðarinnar á hverju ári.

4. gr. Framlag Reykjavík Midsummer Music

Reykjavík Midsummer Music skipuleggur og heldur hátíðina Reykjavík Midsummer Music í júní 2017 og 2019 og undirbýr næstu hátíð þess í milli. Framkvæmd hátíðarinnar skal taka mið af markmiðum í 1., 2. og 3. grein samnings.

5. gr. Kynningarmál

RMM ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar. Á öllu kynningarefni RMM jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að hátíðin sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir hátíðin merki Reykjavíkurborgar í því skyni. Samstarf verði við Höfuðborgarstofu um kynningu á Reykjavík þegar það á við til að kynna sem best Reykjavík sem áfangastað. Viðburðinn má setja á viðburðadagatal Reykjavíkurborgar <http://reykjavik.is/vidburdir> og <http://visitreykjavik.is/events>.

Reykjavík Midsummer Music ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og að kynna Reykjavíkurborg sem áhugaverðan áfangastað. Á öllu kynningarefni RMM jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að RMM sé styrkt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni RMM með því að hafa auðkennismerki Reykjavíkurborgar sýnilegt.

RMM skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa skal náðið samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal auðkennismerkið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.

6. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Reykjavík Midsummer Music til í beinum fjárframlögum kr. 1.500.000 á ári 2017, 2018 og 2019.

Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

kr. 1.000.000 þ. 1.- 3. mars og kr. 500.000 þ. 1.- 3. júní.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0130-26-091160, kt. 620509-1160.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna áranna 2018 og 2019 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

5. gr. Ábyrgð

RMM ber ábyrgð á hátíðinni, fagmennsku hennar og gæðum. RMM ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. RMM er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við RMM. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í apríl - maí ár hvert 2018 og 2019, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu RMM að áherslum næstu hátíðar. RMM skilar þá áætlun um rekstur og efnahag komandi hátíðar og árituðum ársreikningi fyrra árs. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji RMM hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til RMM hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilur hún sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 19.12. 2016 með fyrirvara um heimildir í fjárhagsáætlun 2018 og 2019. Samningurinn gildir til 31. des. 2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála


Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 23 mars 2017



F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Reykjavík Midsummer Music


Signý Pálsdóttir



Víkingur Heiðar Ólafsson

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:


Hildur Ólafsson. 280155-4119

Guðfríður. 070456-2579

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Sequences myndlistarhátíð kt. 550307-0140, Lækjargötu 3, 101 Reykjavík gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Sequences myndlistarhátíð á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2018.

1. gr. Markmið

Meginmarkmið Reykjavíkurborgar með samningi þessum er að styrkja þróun og stöðu myndlistar í Reykjavík og veita almenningi tækifæri til að fá innsýn inn í það sem á sér stað í samtímamyndlist hverju sinni. Með því að styðja við framsækinn myndlistartvíæring, Sequences, er einnig stuðlað að því að hann eignist fyrsta sinni fast heimili í nábýli við Kling&Bang og Nýlistasafnið í Marshall húsinu.

Markmið Sequences myndlistarhátíðar er:

- Að standa fyrir öflugum 10 daga myndlistarviðburði annað hvort ár.
- Að Sequences eignist fast heimili í Marshall húsinu og verði þannig áþreifanlegur vettvangur á milli hátíða.
- Að Sequences sé alltaf lifandi vettvangur fyrir listasenum í Reykjavík.
- Að hlúa að og efla tengslanet hátíðarinnar, innanlands og erlendis.
- Að laða til Reykjavíkur stærri hóp áhrifafólks úr hinum alþjóðlega listheimi.
- Að byggja upp samband við stuðningsaðila til að auðvelda fjármögnun.

2. gr. Forsaga

Sequences fagnaði tíu ára afmæli á árinu 2016. Sequences er eina hátíðin á Íslandi sem sérhæfir sig í myndlist en hátíðin hefur alltaf verið vettvangur fyrir framsækna myndlist með sérstaka áherslu á tímatengda miðla á borð við gjörninga, hljóðlist og videólist. Frá upphafi hefur verið lagt upp með að Sequences sé í höndum myndlistarmanna og listamannarekinna stofnana og að þar ríki andi frumkvæðis, tilrauna og áræðni. Sýningar eru settar upp víðsvegar um borgina, gjarnan í listamannareknum rýmum og á öðrum óformlegri og óvæntari stöðum eins og heimagalleríum, hótelum og rýmum sem eru á milli hlutverka og standa auð, en Sequences hefur einnig átt afar gott samstarf við Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Safn Einars Jónssonar, Hverfisgallerí o.fl. Í upphafi var hátíðin hófleg í sniðum og með grasrótar yfirbragði en hefur nú fest sig í sessi sem metnaðarfullur myndlistartvíæringur með sérstöðu sem blæs lífi í íslenskt listalíf og gerir það sýnilegt alþjóðlega. Nýr sýningarstjóri stýrir hverri hátíð. Fjölmargir erlendir og íslenskir myndlistarmenn hafa sýnt á Sequences og verður áfram áhersla á að Sequences sé alþjóðlegur og blæbrigðaríkur myndlistarviðburður með framsækinni aðaldagskrá og kraftmikilli utandagskrá. Með opnun Marhshallshússins er gert ráð fyrir því að Sequences eignist heimili þar í nábýli við Kling&Bang og Nýlistasafnið. Aðalsýningarstaðurinn 2017 verður Marshall húsið, en gert er ráð fyrir að einnig verði leitað til 3-4 annarra sýningarstaða fyrir sýningar og viðburði auk utandagskrár. 10 daga hátíð á oddatöluárum verður alltaf akkeri starfseminnar.

Ekki er á neinn hátt gerður greinarmunur á fólki sem að hátíðinni kemur, hvorki eftir kyni, kynþætti, kynhneigð, trúarskoðunum eða öðrum aðgreinandi flokkunum. Stjórn Sequences er því ekki einungis umhugað um jafnrétti allra manneskja, heldur trúir að með því að auka þátt skapandi og gagnrýnnar hugsunar í samfélaginu almennt eflum við mannsandann, lærum að bera virðingu fyrir manneskjunnri og nærum þannig jafnréttishugsun í þjóðfélaginu. Sequences leggur áherslu á jafnræði allra borgara og vill taka þátt í því með Reykjavíkurborg að vinna gegn margþættri mismunun.

3. gr. Framlag Sequences

Sequences tekur að sér að halda myndlistarhátíðina Sequences árin 2017 og 2019 með undirbúningsári 2018. Framkvæmd hátíðarinnar skal taka mið af 1. og 2. grein samnings.

4. gr. Kynningarmál

Sequences myndlistarhátíð ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar. Á öllu kynningarefni Sequences jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Sequences sé styrkt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Sequences með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Sequences skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal lógóið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.

5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Sequences til í beinum fjárframlögum 1,5 m.kr. árlega og greiðist upphæðin í tveimur greiðslum ár hvert, þ.e.

kr. 1.000.000 þ. 1.-3. mars og

kr. 500.000 þ. 1.-3. júní.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0101 – 15 – 630257.

Framlag Reykjavíkurborgar vegna áranna 2018 og 2019 er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þess árs. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

6. gr. Ábyrgð

Sequences myndlistarhátíð ber ábyrgð á hátíðinni og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Sequences ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á vegum félagsins stofna til í tengslum við þennan samning. Sequences er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Sequences myndlistarhátíð. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í nóvember 2017, 2018 og 2019 þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu Sequences að áherslum þess fyrir komandi starfsár. Sequences skilar þá samningsaðilum árituðum ársreikningi fyrra árs, áætlun um rekstur og starfsemi komandi árs og skýsrlu um hátíð þess árs á hátíðarári. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Sequences hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða

verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Sequences hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða einhverju leyti og rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs dags. 19.12.2016. Samningurinn gildir til 31. desember 2019.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 20.3. 2017

F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Sequences



Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:



Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Sónar Reykjavík/ Upplifun ehf. kt. 610916-1040, Hverfisgötu 35, 101 Rvk gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Sónar Reykjavík
á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2019.

1. gr. Markmið

Meginmarkmið Reykjavíkurborgar með samningi þessum er að styðja við tónlistarlíf í Reykjavíkurborg og tryggja samfellu og framþróun í árlegri hátíð sem laðar að sér gesti til borgarinnar.

2. gr. Forsaga

Sónar Reykjavík hefur verið haldin árlega frá árinu 2013. Sónar Reykjavík hefur mikla sérstöðu á sviði þeirra tónlistarhátíða og menningarviðburða sem haldnir eru hérlendis, bæði hvað varðar dagskrá (tónlist á sviði raftónlistar, tekknó, hip hop og tilraunamennsku í fyrirrúmi) og umgjörð, en hátíðin fer að öllu leyti fram í Hörpu og nýtir tónlistarsali, bílakjallara og önnur rými hússins. Hátíðin kappkostar að bjóða innlendum listamönnum tækifæri til að koma fram við bestu mögulegu aðstæður og spila fyrir innlenda sem erlenda listamenn og hafa þeir í kjölfarið fengið tækifæri til að spila á Sónar Barcelona og fleiri hátíðum. Sónar Reykjavík er í samstarfi við Red Bull Music Academy sem vinnur með listafólki við að skapa og koma verkum sínum á framfæri um heim allan. Sónar krakkar er sérstakt verkefni þar sem börnum og ungmönnum allstaðar að af höfuðborgarsvæðinu er gefinn kostur á að læra að semja tónlist á spjaldtölvur og eru námskeiðin ókeypis. Einnig hefur Sónar Reykjavík staðið fyrir viðburðinum Milljarður rís í samvinnu við UNICEF. Á dagskránni er að auki nýsköpunarhluti sem er ókeypis, pallborðsumræður ofl. Sónar Reykjavík er íslensk hátíð haldin af íslenskum framkvæmdaraðilum, en mikið og gott samstarf er við Sónar í Barcelona, sem hefur verið haldin árlega frá árinu 1994. Aðstandendur Sónar í Barcelona veita aðstoð við alþjóðlega markaðsetningu á Sónar Reykjavík.

3. gr. Markmið Sónar

- Að Sónar Reykjavík tónlistarhátíðin haldi áfram að vera hluti af íslensku tónlistar- og menningarlífi íslenskum listamönnum og tónlistaráhugafólki til hagsbóta og ánægju.
- Fá erlenda ferðamenn til landsins yfir vetrarmánuðina og til að dvelja í Reykjavíkurborg fyrir, eftir og á meðan á hátíðinni stendur.
- Kynna íslenska listamenn og hljómsveitir fyrir erlendum gestum, blaðamönnum og starfsmönnum nýsköpunar, tækni- og tónlistargeirans.

Fyrir liggur samþykkt stjórnar um markmið er varðar aukin hlut kvenna í dagskrá hátíðarinnar.

4. gr. Framlag Sónar Reykjavík

Sónar Reykjavík skipuleggur og heldur Sónar Reykjavík árlega 2017, 2018 og 2019. Framkvæmd hátíðarinnar skal taka mið af 2. og 3. gr. samnings.

SKA
SP

5. gr. Kynningarmál

Sónar Reykjavík ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar. Á öllu kynningarefni Sónar Reykjavík jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Sónar Reykjavík sé styrkt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Sónar Reykjavík með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Sónar Reykjavík skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Í kynningarefni fyrir erlenda aðila skal lógóið Reykjavík Loves vera sýnilegt og notað #reykjavikloves á samfélagsmiðlum. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík í tengslum við Reykjavík Loves, þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum.

6. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Sónar Reykjavík til í beinum fjárframlögum 1,5 m.kr. árlega og greiðist upphæðin í einu lagi þ. 1.-3. mars 2017, 2018 og 2019.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0111 – 26 – 004770 .

Framlag Reykjavíkurborgar vegna árána 2018 og 2019 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þess árs. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

7. gr. Ábyrgð

Sónar Reykjavík ber ábyrgð á að hátíðin fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Sónar Reykjavík ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Sónar Reykjavík er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

8. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Sónar Reykjavík auk samstarfs við Höfuðborgarstofu um kynningarmál.

Samráðsfundur aðila samningsins skal haldinn í maí/júní ár hvert 2017, 2018 og 2019 þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu Sónar Reykjavík að áherslum fyrir komandi starfsár.

Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Sónar Reykjavík skilar þá skýrslu um síðustu hátíð, áætlun um rekstur og efnahag komandi hátíðar og árituðum ársreikningi fyrra árs.

Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

9. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Sónar Reykjavík hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar

SHA
JP

til Sónar Reykjavíkur hefur sýnt fram á að hátíðin muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

10. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs dags. 19.12.2016. Samningurinn gildir til 31. desember 2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

11. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála


Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, ^{21/}2 2017

F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Sónar Reykjavíkur / Upplifun ehf



Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

